

# Grenndarkynning

## Fyrirhuguð skógrækt að Hóli 1 í Hörðudal í Dalabyggð.

Dalirnir heilla-ferðapjónusta og skógrækt ehf. hyggst hefja skógrækt að Hóli 1 í Hörðudal. Fyrirhuguð skógræktarsvæði er 199 hektarar að stærð (sjá afmörkun á loftmynd) og liggur hæst í 220 metra hæð yfir sjávarmál og lægst í nærri árbökkum Hörðudalsár í um 20 metra hæð yfir sjávarmáli. Jörðin sjálf liggur hæst í rúmlega 600 metra hæð á Múla í landamerkjahnjúk er nefnist Hundahnjúkur þar sem koma saman báðar Hóls jarðirnar ásamt Seljalandi og Fremi- og Ytri Hrafnabjörg.

Samkvæmt 44. grein skipulagslaga númer 123 frá 2010 ber að fara fram grenndarkynning á fyrirhuguðum framkvæmdum og hafa umsagnaraðilar allt að 4 vikur til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.



## Aðalskipulag:

Á [heimasíðu](#) sveitafélags Dalabyggðar er aðgengilegur skipulagsuppdráttur af Aðalskipulagi fyrir Dalabyggð til ársins 2016.

[Greinagerðin](#) á heimasíðu er tiltekin skipulagstillaga og á blaðsíðu 76 í skipulagstillögum er búið að gera ráð fyrir skógrækt á umræddu samningsvæði á korti.

## Fornleifar:

Þegar hefur farið fram skoðun og skráning Fornleifafræðistofunnar, unnin af Bjarna F. Einarssyni, á fornleifum í landi Hóls 1 og skýrslunni skilað til Dalabyggðar til umsagnar. Ekki er um neinar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi að ræða í landi Hóls 1. Nærri ám er votlendi sem ekki verður hróflað við nema nauðsyn beri.


## Útlitshönnun:

Við hönnun skógarins verður þess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi og jaðar skógræktarsvæðisins verður hannaður sérstaklega með ásynd skógarins í huga.

## Afmörkun:

Jörðin er um 5 kílómetra frá sjó. Hún nýtur skjóls af Blönduhlíðarási sem skilur af árnar Skraumu og Hörðudalsá. Skógræktarsvæðið er 199 hektarar og liggur

að landamerkjum Bjarmalands í norðri, og Hóls 2 í suðri, að ánni Skraumu í vestur og að túnum á bökkum Hörðudalsár í austri (sjá mynd).



Við eigendur að Bjarmalandi (landnúmer 134876) og Hóli 2 (landnúmer 209049) höfum kynnt okkur þessa grenndarkynningu og gerum ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir að Hóli 1.

Dags. 19. júní 2018,

f.h. Bjarmalands

f.h. Hóls 2

*Magnús Kristinsson*

Magnús Kristinsson

100835-3399

*Guðbrandur Jézorski*

Guðbrandur Jézorski

140943 3639